

Hatrömm átök innan Geðhjálpar ná hámarki á aðalfundi félagsins í dag:

Fylkingar berjast

-- stuðbyssa, meint drykkulæti og hótanir um málsókn

Hatrömm átök hafa einkennt félagið Geðhjálp að undanföngu og hafa bæði starfsmenn samtakanna og félagsmenn skipað sér í tvær andstaðar fylkingar sem berast á banaspjótum um að ná yfirráðum í félaginu. Deilurnar hafa tekið á sig ótrúlegustu myndir þar sem valdabaráttu, meint drykkulæti, stuðbyssur og ásakanir um óheilindi skipa stóran sess. Átök- in ná að líkindum hámarki í dag þegar framhaldsaðalfundur félagsins fer fram á Broadway.

Hörkuslagur

Tveir menn berjast um formennsku í félaginu. Kristófer Þorleifsson geðlæknir er annar þeirra en hann þykir hafa viðtækan stuðning fjölda félagsmanna auk þess sem Sigurður Árni Gunnarsson og starfslið Stuðningsþjónustunnar hart og segir hann ekki gegna hlutverki sínu sem skyldi. „Þegar ég hóf störf í haust hafði enginn á orði við mig að ástandið væri svo slæmt,“ sagði Sveinn en hann hefur meðal annars lýst því yfir að húsnæði sem sumum skjólstæðingum félagsins sé boðið væri ekki talið við hæfi kakkalakk.

Sigursteinn hefur reyndar sett skilyrði fyrir framboði sínu en það felst í því að fyrst verði samþykkt laga- breyting sem meinar starfsmönnum Geðhjálpar að sitja í stjórn félagsins. Á síðasta ári var lögum félagsins breytt á þann veg að starfsmönnum var leyft að setjast í stjórn og að sögn þeirra sem þekka til er þar undirrot ólgunnar innan félagsins að finna. Í kjölfar þessarar lagabreytingar kaus Ingólfur H. Ingólfsson að gera starfs- lokasamning við Geðhjálp um mitt sumar í fyrra en hann hafði þá gegn stöðu framkvæmdastjóra um nokkurt skeið. Í viðtali við DV skömmu eftir uppsögnina sagði Ingólfur að kornið sem hefði fyllt mælinn hefði verið þegar undirmergi hans var skyndilega orðinn yfirmaður með því að sitja í stjórn.

Snöggur endir

Kosning til stjórnar Geðhjálpar fór raunar fram á fyrri aðalfundinum, sem haldinn var í lok síðasta mánaðar, en núverandi formaður félagsins, Eydis Sveinbjarnardóttir, sleit fundinum fyrirvaralaus áður en dagskrá hans var tæmd. Á þeim fundi var Kristófer kjörinn formaður en sáttir tókust síðar milli hans og Eydisar um að kosningin væri ógild og kosið skyldi aftur í dag. Ástæða þess að fyrri fundurinn endaði svo snögglega var sú að Eydis formaður taldi drykkjulæti einkenna fundinn og þess vegna ekki mögulegt að halda honum áfram. Andstaðingar hennar og stuðningsmenn Kristófers sögðu hins vegar að hún hefði fundið baklandið við sig bresta og þess vegna kosið að fresta fundi. Eydis hafði hins vegar fulla lagaheimild fyrir frestun- inni.

Ásakanir á vixl

Starfsemi Stuðningsþjónustunnar hefur verið ásteytingarsteinn í vetur og hafa brigslyrði manna gengið á vixl þar sem hver hefur sakað annan um að standa sig ekki í stykkinu. Starfsmenn Stuðningsþjónustunnar annast skjólstæðinga sem búa í húsnæði á vegum félagsins.

Starfsemin hefur verið í frosti undanfarið og okkur í raun gert ókileft að starfa eðlilega. Ég er með níu starfsmenn af fimmtán og það segir sig sjálf að vinnuálagið er gríðarlegt og því miður eru margir starfsmanna vörð þess að gefast upp,“ sagði Sigurður Árni Gunnarsson, forstöðumaður Stuðningsþjónustunnar.



Mikil spenna hefur einkennt starfsemi Geðhjálpar undanfarnar vikur. Starfsemi Stuðningsþjónustunnar hefur einkum verið ásteytingarsteinn og hafa brigslyrði manna gengið á vixl þar sem hver hefur sakað annan um að standa sig ekki í stykkinu.

Í samtali við DV. Sigurður Árni segir Svein framkvæmdastjóra hljóta að bera ábyrgð á hvernig málum er komið en segir hann sýna lítinn vilja til að bæta ástandið.

Sveinn hefur sjálfur gagnrýnt starfsemi Stuðningsþjónustunnar hart og segir hana ekki gegna hlutverki sínu sem skyldi. „Þegar ég hóf störf í haust hafði enginn á orði við mig að ástandið væri svo slæmt,“ sagði Sveinn en hann hefur meðal annars lýst því yfir að húsnæði sem sumum skjólstæðingum félagsins sé boðið væri ekki talið við hæfi kakkalakk.

Áfellsdómur

Í kjölfarið skipaði Sveinn vinnu- hóp í samvinnu við Félagshjónustuna í Reykjavík og Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík. Vinnuhópurinn var upplagð að yfirfara sam- inga með hljóðnám af lögum, efnidri þeirra auk þess að gera ítarlega greiningu varðandi réttindi og skyldur.

Niðurstaða vinnuhópsins reyndist þungur áfellsdómur yfir starfsemi Stuðningsþjónustunnar og meðal annars var til þess tekið að ástand í húsnæðismálum væri óviðunandi auk þess sem hópurinn fann að því að forstöðumaður Stuðningsþjónustunnar, Sigurður Árni Gunnarsson, væri ekki fagmenntaður. Þá þótti ljóst að eftirliti með þjónustunni hefði verið ábótavant.

„Skýrslan er góðra gjalda verð en mér þykir Svein vera að skjóta sig í fötin með þessu. Hann er framkvæmdastjóri félagsins og hefur verið það í níu mánuði. Hann kveðst hafa fengið sjókk í haust og svo virðist sem hann sé enn í sjókki,“ sagði Sigurður Árni um niðurstöðu skýrslunnar.

Stuðbyssa og meibrýð

Báðum megin borðs eru menn reyndar sammála um að vinna þurfi betur að málum Stuðningsþjónustunnar. Sveinn segir þegar nokkuð hafa áunnist, lyfjagjafir hafi verið



Húsnæði á vegum Stuðningsþjónustunnar. Vinnuhópur komst að því að húsnæðismál félagsins væru óviðunandi.

Innlent fréttaljos

Arndís Þorgeirsdóttir bláðamaður

skoðaðar sérstaklega auk þess sem viðhald á húsnæði sé hafið á nokkrum stöðum. Á sama tíma segir Sigurður Árni að starfsemin sé meira og minna lömuð og ef ekki væri fyrir vant starfsfólk væri þjónustan í molu.

Sveinn og Sigurður Árni hafa eldað grátt silfur um skeið og á dögumum komust deilir þeirra á nýtt stig þegar sé fyrrenefndi hélt því fram opinberlega að starfsmaður Stuðningsþjónustunnar hefði verið vonnaður svo- kallaðri stuðbyssa en með slíku tæki

er hægt að gefa manneskju raflost án fyrirhafnar. Sigurður Árni brást ókveða við og sagði framkvæmdastjórnann fara með fleiður enda kæmist enginn starfsmaður upp með að nota slíka byssu. Svo harðar urðu deilurnar á tímabili að Sveinn sagði lögreglurannsókn myndu skera úr um réttmæti orða sinna á meðan Sigurður Árni flugaði ásamt starfsmönnum sínum að höfða meiyörðumál gegn framkvæmdastjórnunum.

Hóta að hætta

Vikjum aftur að aðalfundinum í dag sem ef að líkum lætur verður sá fjölmennasti í sögu Geðhjálpar. Ástæðan er einföld, félagsmönnum hefur fjölgað um þriðjung frá því á fyrri aðalfundinum í mars, úr 618 í 960. Það er nokkuð augljóst að smol- un hefur átt sér stað vegna stjórnar- kjörsins en stuðningsmenn

kandidatanna tveggja bera slíkt af sér. Rúman sólarhring tók að ganga frá nýju félagatali eftir að lokað var fyrir inngöngu nýrra félaga síðastlið- inn þriðjudag. Kristófer og hans stuðningsmenn hafa gagnrýnt vinnu- brögð skrifstofunnar og sagt að dráttur á endanlegu félagatali hafi verið úr hófi fram. Að sögn Sveins tók lengri tíma en áætlað var að skrá nýja félaga en félagaskráin var lögð fram á fimmtudagsmorgun. Heimildir DV herma að erlitt sé að spá fyrir um úrslit kosninganna en menn virðast á einu máli um að baráttan verði hörð á fundinum í dag.

„Því er ekki að leyndu að ég óttast óróleika á fundinum. Félagum hefur fjölgað gífurlega frá síðasta fundi og meira en eðlilegar vinnslur félagsins geta falið í sér,“ sagði Sveinn Magnússon en hann hefur látið sterklega að því liggja að hann muni láta af störfum fari leikar svo að Kristófer Þorleifsson verði kjörinn formaður. „Ég tel Kristófer vera talsmann kyrr- stöðu og ég hef áður sagt að ég stend og fell með þeirri sannfæringu minni að hvorki félagið né Stuðningsþjónustan verði rekin eins og gert hefur verið. Breytinga er þörf,“ sagði Sveinn.

Fleiri hafa hótad að hætta því Sigurður Árni segir alla starfsmenn Stuðningsþjónustunnar munu hætta störfum verði Sigursteinn kjörinn formaður. „Við erum komin að endapunkti og treystum okkur einfaldlega ekki til að vinna undir slíkri stjórn,“ sagði Sigurður Árni en hann telur einnig von til þess að Stuðningsþjónustan verði flutt frá Geðhjálp og sett undir hatt Svæðisskrifstofunnar.

„Fari svo að ég hætti störfum í kjölfar fundarins þá mun ég ekki ganga ósáttur á brott. Í ljósi atburða síðustu vikna tel ég fullreynt að við Kristófer getum unnið saman. Það er hins vegar löngu tímabært að þessari orrahrói linni og friður komist á í félaginu. Skjólstæðingar okkar verða að ganga fyrir og þeir mega allra síst við átökum sem þessum,“ sagði Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar.